



Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar

Samantekt 2019-2020

Starfsáætlun 2020-2021



Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni er fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir. Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári. Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.



Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	1
1. Stutt greinagerð leikskólustjóra um starfið á síðasta skólaári	3
2. Áherslur í starfi leikskólans	8
2.1 áherslur leikskólans næsta starfsárs	8
3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun.....	11
3.1 innra mat leikskólans.....	11
3.2 ytra mat leikskólans.....	12
3.3 matsáætlun/umbótaáætlun.....	12
4. Aðrar upplýsingar.....	14
4.1 Barnahópurinn 1. júní.....	14
4.2 Foreldrasamvinna.....	14
4.3 Samstarf leik- og grunnskóla.....	15
4.3.1 Brúum bilið.....	15
4.4 Samstarf leikskólustjóra.....	17
4.5 Samstarf sérkennslustjóra.....	17
4.4 Almennar upplýsingar.....	17
5. Starfsmannamál.....	23
5.1 Starfsmannahópurinn 1. maí.....	23
5.2 Starfsþróunarsamtöl.....	23
5.3 Símenntun frá síðasta ári.....	23
5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	23
6. Fylgiskjöl.....	25



1. Stutt greinagerð leikskólastjóra um starfið á síðasta skólaári

Áherslur skólaársins 2019-2020

Starfsemi skólaársins einkenndist af samvinnu, starfsmenn voru hvattir til þess að bera ábyrgð á eigin starfi horfa inná við og gefa af sér til samstarfsmanna, barna og foreldra. Bæði Hamrar og Lindir héldu áfram þróunarvinnu annarsvegar með snemmskráningar á Lindum. Hamrar héldu áfram að vinna með leikin sem sjálfsprottið námstæki samanber flæðisvinnu. Kjör orð okkar **Náttúra- Næring og Nærvera** eru leiðarljósi.

- 🌱 Akrasel fékk Erasmus styrk fyrir verkefni sem ber heiði Wonders of waist skammstafað WOW. Grænfána verkefni með Noregi, Ítalíu, Grikklandi, Tyrklandi, Búlgaríu og Pólland. Upphafs- og skipulagsfundur var haldin í Akraseli 20.- 24. október 2019. Önnur heimsókn var farin til Póllands í febrúar. Vegna Covid var verkefnum og heimsóknum tengdum því frestað um óákveðin tíma.
- 🌱 Busy Bee samstarfsverkefni með Svíþjóð, Lettlandi, Litháen og Eistlandi var einnig frestað, lokaskýrslu átti að vinna í júní 2020 en vegna Covid var lokafundurinn haldinn á TEAMS. Afraksturinn verður kvikmynd með myndbrotum sem safnað hefur verið saman af öllum þátttökulöndum.
- 🌱 Við fengum okkar 5 grænfána afhentan 13. Desember 2019.
- 🌱 Hófum samstarf við Tónlistarskólann kórsöng með elstu börnum leikskólans.
- 🌱 **Skipulagsdagar:** *september*, persónuverndar fyrirlestur, foreldri/ hjúkrunarfræðingur með innlegg um sykursýki hjá börnum í leik og starfi. *Október*, fyrirlestur frá landvernd um umhverfismennt. Sigríður Gísladóttir leikskólakennari og iðjuþjálfari var með fyrirlestur um viðhorf og ábyrgð starfsmanna til starfsins. *Janúar*, opið því við ætluðum að skipta út degi vegna fyrirhugaðrar utanlandsferðar í maí (sem ekki var farin v. Ciocid) *Mars*, aukastarfsmannafundur vegna Covid 19. Takmarkanir og endurskipulagning skólahalds með tilliti til sóttvarnareglna.
- 🌱 Í desember var jólaleiksrit Pönnukakan hennar Grýlu og jólaball sem stýrt var af

Þorra og Þuru.

- 🌿 Í janúar var Anney með fyrirlestu fyrir annarsárs nema í Háskóla Íslands um námskráargerð í Akraseli.
- 🌿 Vera Knútsdóttir framkvæmdarstjóri Félags sameiniðupjóðanna á Íslandi var með fyrirlestur um Heimsmarkmiðin og í kjölfarið sótti Akrasel um að vera Unesco leikskóli. Við bíðum eftir afgreiðslu umsóknar okkar.
- 🌿 Í Akraseli voru nemar í leiðsögn sem fyrri ár, Júlía Rose Júlíusdóttir og Elín Guðrún Tómasdóttir á fyrsta ári, Linda Vernharðsdóttir á öðru ári, Kristín Relena Jónasdóttir og Erla Rún Rúnarsdóttir á þriðja ári. Einnig eru starfandi í Akraseli nemar í grunnnámi og réttindanámi.
- 🌿 Við höldum áfram með bókaormsverkefni okkar. Bókaormur vikunnar er valinn á öllum deildum Hamra. Hlutverk bókaormsins felst í að barn velur sér bók með aðstoð foreldra sem er til heima eða í bókasafni. Bókin er lesin heima og rædd þannig að barnið þekki hana ágætlega (gott er að lesa sömu bókina þrisvar sinnum). Á Miðvikudögum er bókakynning þá kemur barnið með bókina í leikskólann og kynnir hana í samveru með öllum börnunum á deildinni. Bókin er lesin í leikskólanum og unnið er verkefni uppúr bókinni. Bókin er skráð á hringlaga pappír, nafn bókar, barns og dagsetning síðan er hringurinn límdu á gang Hamra þar sem myndaður er bókaormur sem liðast um gang leikskólans.
- 🌿 Lubba flakk, er að festast í sessi og við höldum áfram að þróa þá vinnu. Hundurinn Lubbi fer heim á föstudegi með barni á Lindum yfir helgi. Foreldrar og barn veljið eina bók sem er lesin heima, efni bókarinnar er rætt við börnin. Á mánudegi kemur Lubbi aftur í leikskólann og tekur þátt í Lubba stund með börnunum. Foreldrar skrifa nafn barns og nafnið á bókinni sem lesin var á útklipptan hring sem límist á vegg Linda og myndar þar bókaorm.
- 🌿 Okkur finnst einnig mikilvægt að halda áfram að þróa orðsporsvinnuna í Akraseli. Orðsporin eru hugsuð til að kveikja áhuga barna og foreldra á ýmsum orðum sem vekja athygli. Á Hömrum velja börnin sér sjálf tvö orð úr bókunum sem bókaormur vikunnar tekur fyrir. Hvert barn velur tvö orð úr sinni bók. Við veltum fyrir okkur merkingu orðanna og búum svo til fótafar barnanna og skrifum orðin þar í og festum þau á gólfið. Þar eru þau sýnileg fyrir börnum, starfsfólki og foreldrum þar sem orðsporin vekja vonandi upp umræður um orðin

Samantekt:

- Endurgerðar og endurbættar árganganámskrár. Lögð áhersla á samfelli í námi barna.
- Flæði á Hömrum
- Ævintýraferðir auknar úr 1 á viku í 3 og boðið uppá val í ferðir.
- Bókaormur og Orðspor fest í sessi í kjölfar þróunarvinnu leikskólanna á Akranesi.
- Náttfatadagur – Bangsadagur, Hrekkjavaka, Vinavika, baraátta gegn einelti. Jógavika
- Brúum bilið haustskóli, vorskóli, samverur og húllumhæ.
- Bóndadagsmorgunverður og konudagsmorgunverður.
- Umhverfismennt, forsáning, kartöflurækt, laukar og ýmis skemmtileg sáningarverkefni Ormarækt – með Orma í vinnu moltun/jarðgerð.
- Tekið á mótí fimmta grænfánanum í desember 2019.
- Útskriftaferð elstu barna að Kalastaðakoti dagsferð vegna Covid. Útskrift breytt snið vegna Covid, útskriftin var haldin í Tónlistaskólanum þar sem börnin sungu, og sýnd voru tvö myndbönd þar sem börnin voru í aðalhlutverki. Þetta fyrirkomulag verður endurtekið.
- Í fyrstu Covid bylgju í mars fóru starfsmenn yfir gögn, verkefni, verkferla og námsskjár leikskólans. Úr þeirri vinnu voru gerðar handbækur um alla þætti okkar starfs. Það sem gleður mest er aðkoma allra starfsmanna að þessari vinnu. (sjá í fylgiskjöllum)

Fyrir utan hefðbundið mat

Settar voru fram spurningar sem starfsmenn þurftu að svara skriflega og skila, flestir völdu að skila undir nafni (það var val).

1. Hraðstefnumót (hver starfsmaður hitti þrjá starfsmenn og þeir ræddu þessar spurningar og skráðu hver fyrir sig).

- Hvað er það besta við Akrasel ?

- Hvað legg ég að mörkum til þess að að gera Akrasel að góðum vinnustað?

- opið umræðuefni

Niðurstöður – þau atriði sem komu oftast fyrir:

Frábært samstarfsfólk, jákvæðni og góður mórall.

Stjórnendur, tillitsamir og sýnilegir.

Húsnæðið, aðstaðan til fyrirmyndar.

Lausnarmiðað starfsfólk (sveigjanleiki, jafnræði og samvinna).

Staðsetning stutt í náttúruna.

Stefna skólans (grænfáni, flæði, útikennsla. Skipulagið ofl.)

Áhersla lögð á endurmenntun, endurmat, þróun og metnað.

Allir fá tækifæri á að vinna með áhugasviðin sín (mannauðsstjórn, fjölbreytni og frelsi).

Unnið á starfsmannafundi september 2019.

2. Fyrirspurn til allra - Hlutverk mitt sem:

-Kennari

-Samstarfsfélagi / liðsmaður

-Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér.

Niðurstöður – þau atriði sem komu oftast fyrir.

Kennari:

Að sjá til þess að öll börn fái menntun við hæfi.

Vera góð fyrirmynd og vera til staðar fyrir þau.

Vera fyrirmynd fyrir börn, foreldra og annarra samstarfsaðila.

Bera virðingu, traust og jákvæðni við börn, foreldra og samstarfsmenn.

Sjá til þess að barnið finni fyrir öryggi, hlýju, gleði og sé óhrætt að tjá sig.

Sjá til þess að öllum líði vel.

Leiðbeina og miðla til annarra það sem ég hef lært.

Efla börnin til sjálfshjálpar og sjálfstæðis og auka þrautseigju og úthald.

Samstarfsfélagi / liðsmaður:

Vera stundvís, jákvæð, opin og góður samstarfsfélagi sem er tilbúin í þau verk sem á að inna af hendi og vinna þau með gleði og jákvæðni að vopni.

Mikilvægt að sýna trúnað og vera heiðarlegur.

Kunna að setja sig í spor annarra – tekið tillit og vakið traust annarra.

Sjá til þess að allir séu jafnir og njóti virðingar og hlýju og dafni í starfi.

Vera hlýr og góður samstarfsfélagi.

Bera virðingu fyrir skoðunum annarra – það þurfa ekki allir að vera sammála.

Vera heiðalegur og tala beint við manneskjuna í stað þess að tala um hana.

Bera virðingu fyrir aðstæðum annarra þegar það á við, ekkert baktal.

Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér:

Með því að vera tilbúin að takast á við þau verk sem þarf að vinna með bros á vör og jákvæðni að vopni.

Vera heiðalegur gagnvart sjálfum sér og öðrum.

Vera samkvæm sjálfri mér og standa með sjálfri mér og minni sannfæringu.

Heiðarleg – stundvís – sanngjörn.

Bera virðingu fyrir öllum stórum og smáum.

Halda áfram mínu striki, ekki gefast upp, finna leiðirnar sem þarf að fara til að halda áfram og vera jákvæð í starfi.

Gera mitt besta en um leið passa mín mörk og biðja um aðstoð/skipti þegar álag er orðið of mikið svo að ég hafi meira að gefa.

Unnið á skipulagsdegi 18. Nóvember 2019.

*Heildarniðurstöður sjá fylgiskjöl

2. Áherslur í starfi leikskólans

2.1 áherslur leikskólans næsta starfsárs

Áherslur næsta skólaárs eru jafnrétti og vinátta. Heimsmarkmiðin verða að leiðarljósi. Umsókn um grænfána númer 6 er í bígerð, úttekt og skýrslugerðir koma í kjölfarið framundan.

ERASMUS+ verkefni Wonders of waste grænfána verkefni í samstarfi við Ítalíu, Noreg, Grikkland, Búlagaríu, Pólland og Tyrkland. Tekur einhverjum breytingum þetta árið.

Skóladagatal Akrasels 2020-2021

Ágúst

6. ágúst	Leikskólinn opnar eftir sumarlokun
8. ágúst	Akrasel afmæli 12 ára.
10. ágúst	Aðlögun barna f. 2018 hefst á Tjörn og Læk.
17. ágúst	Aðlögun barna f. 2019 á Læk.
19. ágúst	Heimsókn í Klifurhúsið Hamrar
27. ágúst	Hamrar starfsmannafund - skipulagsfundur
31. ágúst	Lindir starfsmannafundur – skipulagsfundur

September

1. september	Vetrardagskrá byrjar
14.-18. Sept.	Tannverndarvika alþjóðlegi Tannverndardagurinn 12. Árgangur 2017 til Tannlæknis – frestað v. COVID
16. september	Dagur náttúrunnar
15. september	Skólastjóraheimsókn í Brekkubæjarskóla elstu börnin
16. september	Skólastjóraheimsókn í Grundaskóla elstu börnin
21.-25. Sept.	Kartöflur teknar upp.
21. september	Skipulagsdagur LOKAÐ
28. sept.-2. Okt.	Haustskóli Grundaskóla – hætt við v. COVID

Október

5.-9. október	Haustskóli Brekkubæjarskóla – hætt við v. COVID
16. október	Bleikur dagur
12.-16. október	Umferðavika - endurskin
19. október	Starfsmannafundur - frestað v. COVID
12.-20. október	Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl
20.-30. október	Foreldraviðtöl breytt snið, símaviðtöl, Teams, messinger
26.-30. október	Hrekkjavöku vinna á Hömrum
30. október	Hrekkjavöku ball – Búningadagur

Nóvember

3. nóvember COVID 19	Skóla- og frístundasvið í samráði við leikskólastjóra hefur ákveðið að starfi leikskólanna ljúki kl. 14:30 þriðjudaginn 3. nóv. til þess að starfsfólk leikskólanna hafi tækifæri til að skipuleggja starfið fyrir næstu tvær vikur og undirbúa starfið til samræmis við útgefna reglugerð heilbrigðisráðuneytisins frá 1. nóvember.
4. nóvember	Hólfaskipting tók gildi <ul style="list-style-type: none">• Hólf 1 Lækur• Hólf 2 Mýri og Tjörn• Hólf 3 miðrymi• Hólf 4 Berg og Gljúfur• Hólf 5 Klettur
5. nóvember	Sameiginleg söngsamvera leikskóla og Grunnskóla – Grundaskóla - Brúum bilið. FRESTAÐ
5. - 9. Nóvember	Vinavika barna þvert á deildir 9. Baráttudagur gegn einelti <ul style="list-style-type: none">• Klettur – Mýri• Berg – Tjörn• Gljúfur – Lækur FRESTAÐ
13. nóvember	16. Dagur íslenskrar tungu – afmæli Moise opið hús Hamrar FRESTAÐ
16. nóvember	Skipulagsdagur - LOKAÐ Frestað
30. nóvember	Aðventustund Hamrar og Lindir Jólagjafa vinna Hamrar
Í nóvember	WOW fundir með þáttökupjóðum vegna endurskipulags verkefnisins – beiðni um breytt fyrirkomulag á verkefninu send til Rannís. Miðju skýrslu skilað

Desember

7. desember	Aðventustund Hamrar og Lindir
11. desember	Rauður dagur jólaball með Þorra og Þuru
14. desember	Aðventustund Hamrar og Lindir
21. desember	Aðventustund Hamrar og Lindir

Janúar 2021

4. janúar	Skipulagsdagur - LOKAÐ
15. janúar	Rafmagnslausdagur
22. janúar	Bóndadagsmorgunverður
janúar	Íslenskar hefðir Þorri – gamli tíminn

Febrúar

2. febrúar	Söngstund í Brekkubæjarskóla – Brúum bilið
5. febrúar	Regnbogadagur - Dagur leikskólans 6. febrúar
11. febrúar	1 – 1 – 2 dagurinn
15. febrúar	Bolludagur
16. febrúar	Sprengidagur
17. febrúar	Óskudagur
18. febrúar	Skipulagsdagur - LOKAÐ
19. febrúar	Konudagsmorgunverður

Mars

Í mars	Endurvakning WOW umhverfisverkefnið - minnkun sorps
1.-6. mars	Vorskóli Brekkubæjarskóla
8.-12. mars	Jógavíka þvert á deildir Klettur og Mýri / Berg og Tjörn / Gljúfur og Lækur
15. mars	Starfsmannafundur
21. mars	Down Syndrome dagurinn
22.-26. mars	Vorskóli Grundarskóla
23. mars – 15. apríl	Foreldraviðtöl Hamrar, Lindir

Apríl

2. apríl	Dagur einhverfunar
6. apríl	Skipulagsdagur - LOKAÐ
22. apríl	Sumardagurinn fyrsti -LOKAÐ
26.-30.apríl	Árgangamót – góðviðrisdagur valin.
Í apríl	WOW Vistvæn notkun t.d bambus tannburstar, bréf pokar fjölnota ílát oph.

Maí

3.-15. maí	Vorverkin – forsáðum plöntum komið í ræktunarkassa Kartöflur settar niður
	Íþrótt og húllumhæ með fyrstubeckingum beggja skóla og elstu börnum leikskólans. .
	Lambaferð á vegum foreldrafélagsins
	Útskriftarferð dagsferð
31. maí	Útskrift elstu barnanna.
Í maí	WOW matur , matarsóun, ræktun

Maí -September	WOW hvernig drögum við úr neyslu – skiptimarkaður Búa sjálf til gjafir, nytjahluti, oph.
----------------	---

Í júní tekur sumardagskrá við.

Gert er ráð fyrir 4 vikna sumarlokun

3. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

3.1 innra mat leikskólans

Hverjir	Hvað	Hvernig	Hvenær	Hver ber ábyrgð/ Úrvinnsla
<i>Lindir</i>	Aðlögun og Líðan barna	Foreldraviðtöl /líðan sími. TEAMS og fundir	Okt./nóv.	Deildastjóri/ leikskólakennarar
<i>Hamrar</i>	Líðan barna	Foreldraviðtöl /líðan sími, TEAMS, fundir	Okt./nóv.	Deildastjórar /leikskólakennarar
<i>Foreldrar</i>	Fyrirspurn um nýtingu í vetrarfríi grunnskólanna Fyrirkomulag á foreldraviðtölum	Survey	Október	Leikskólastjóri
<i>Deildarstarfsmenn</i>	Líðann samtöl Deildastjóra við deildarstarfsmenn	Maður á mann samtál	desember	Deildastjórar.
<i>Allar deildir</i>	Líðan starfsmanna Stefnumiðað Árangursmat?	Starfs- mannasamtöl Fara yfir líðan og frammistöðu starfsmanna	Febrúar	Leikskóla-stjóri/ Aðstoðarleik- skólastjóri
<i>Allar deildir</i>	Endurmat á starfi* Árbækur * símat	fundur með starmönnum deilda	Frá janúar til maí	Deildastjórar Leikskólast.
<i>Allar deildir</i>	Foreldra-viðtöl líðan og þroski	Deildastjórar, leikskóla-kennarar, hópstjórar	mars	Deildarstjóri
<i>Foreldrar Fjölskyldu-stofa Starfsmenn</i>	Ánægju foreldra Skólanámskrár- vinna deilda	Viðhorfs- könnun Matsblað Akrasels	Stjórnendur Deildastjórar	Stjórnendur/ Valgerður Stjórnendur

*jóga-umhverfismennt-gæðum kosts o.m.fl.

*Árbækur - Samantekt yfir skólaárið í máli og myndum í bók hverrar deildar - tekið saman jafnt yfir allt árið.

3.2 ytra mat leikskólans

Akrasel hefur skilað inn umsókn um að gert verði ytra mat á starfsemi og starfsháttum leikskólans. Matið er í höndum menntamálaráðuneytis.

Könnun á meðal íbúa bæjarins – þjónustukönnun.

3.3 matsáætlun/umbótaáætlun

Umbætur eiga sér stað eftir samtöl, bæði við foreldra einnig eftir starfsmannasamtöl.

Leitast er við að setja niður umbætur í kjölfar samtala, hugmyndir og úrbætur koma oftast í samvinnu við samstarfsfólk, aðkoma stjórnenda og yfirmanna eru tengdar eftir þörfum.

Aðgerðaáætlanir eru unnar jafnt og þétt af hlutaðeigandi.

Breytingar sem gerðar voru í kjölfar þróunarvinnu eru í stöðugri endurskoðun með þeim sem vinna verkið, þannig grípum við inni jafnóðum og höldum starfsgleðinni lifandi. Hver og einn skiptir máli.

*sjá fylgiskjöl : niðurstöður úr starfsmannasamtali

4. Aðrar upplýsingar

4.1 Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum – 138
- Kynjahlutfall – 61 drengur 77 Stúlkur
- Dvalarstundir – 1.177,5
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu - 11
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku - 4
- Fjöldi tungumála - 5

4.2 Foreldrasamvinna

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því að oft geta lítil atvik í lífi barnsins, valdið breytingum á hegðun þess. Hver deild er í reglulegum samskiptum við foreldra í gegnum netpóst og heimasíðu leikskólans (ný síða í vinnslu). Einnig höfum við nýtt FB til þess að koma upplýsingum hratt til foreldra.

Í venjulegu árferði eru foreldrar velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk. Þeir eru sérstaklega boðnir í foreldrakaffi, í einkasamtöl, á foreldrafundi o.fl.

Foreldraráð

Við leikskóla skal kjósa ár hvert í foreldraráð (skv.11. gr. laga um leikskóla nr. 90) að lágmarki þrjá foreldra. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans og nefnda/fjölskylduráðs (sbr. 2. gr. 4. gr laga um leikskóla) um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist einnig með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi. Ráðið setur sér starfsreglur og starfar leikskólastjóri með ráðinu. Foreldrar hafa verið beðnir um að gefa kost á sér í foreldraráði þar sem við höfum ekki boðið uppá sameiginlegan fund að hausti. Fráfarandi foreldraráð: Þórólfur Kristjánsson, Karen Lind Ólafsdóttir og Guðrún Lind Gísladóttir.

Foreldrafélag

Foreldrar í Akraseli ákváðu að við leikskólann starfi foreldrafélag. Í foreldrafélagi leikskólans eru allir foreldrar barnanna í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna. Foreldrafélagið innheimtir Krakkasjóð til að fjármagna skemmtanir og viðburði á vegum félagsins. Í vetur verður gjaldið í Krakkasjóð **3000 kr. á heimili**.

Fulltrúar í foreldrafélagi eru: Eva Laufey Hermannsdóttir, Sóley Guðmundsdóttir, Ósk Hjartardóttir. Hulda Björg Þórðardóttir, þær gefa kost á sér áfram.

4.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Ef flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla á að vera farsæll þarf að undirbúa hann vel fyrir og eftir leikskólanáms.

4.3.1 Brúum bilið

Frá árinu 1996 hefur verið formlegt samstarf milli leikskóla og grunnskóla á Akranesi með það að markmiðið að:

- Að tengja skólastigin saman
- Að skapa samfellu í námi og kennslu barna/nemenda á þessum tveimur skólastigum
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi fyrir sig
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga

Reynsla samstarfsaðila hefur sýnt að samvinna og tengsl skólastiga veitir börnum mikið öryggi á þeim tímamótum þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla.

Persónuupplýsingar sem liggja fyrir um hvert barn í leikskóla og

nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskólanum skulu fylgja barninu í grunnskólann samkvæmt 16. gr. laga um leikskóla nr. 90/2009. Slíkar upplýsingar eru settar fram á skilafundi með fulltrúum leikskóla og grunnskóla að vori áður en barnið hefur skólagöngu. Jafnframt er foreldrum skylt að veita upplýsingar um barnið sitt sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð þess. Meðferð slíkra mála er í samræmi við persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Haustskóli og vorskóli er heimsóknform sem er að festast í sessi og hefur verið til mikilla bóta í samstarfinu, börn fá lengri samfellda viðveru í grunnskólanum

Einnig erum við þátttakendur í heildtækri forystu stjórnenda grunn- og leikskóla. Stjórnendur grunn- og leikskóla hittast reglulega til að ræða skólamál, miðla upplýsingum og veita hver öðrum stuðning. Fundir eru boðaðir og stýrt af sviðstjóra skóla- og frístundasviðs.

Árgangamót - Leikskólarnir á Akranesi hafa hist með árgangana að vori, þá hittist einn árgangur í hverjum leikskóla bæjarins. Þessi dagur hefur gefist vel og er í stöðugri þróun hjá leikskólunum. Samvinnan felst í skipulagningu, notalegri samveru og góðum kynnum barnanna skóla á milli.

Akrasel hefur sent inn umsókn um að gerast UNESCO leikskóli sá fyrsti á landinu við bíðum eftir svörum við umsókn okkar.

UNESCO-skólar hafa verið til frá árinu 1953. Markmið UNESCO-skóla er að auka og hvetja til menntunar um mál er tengjast markmiði UNESCO; að stuðla að friði og öryggi með því að efla samvinnu þjóða í mennta-, vísinda- og menningarmálum og efla þannig almenna tiltrú og virðingu fyrir réttlæti, lögum og mannréttindum, án tillits til trúarbragða, kynþáttar, kynferðis eða tungumála. UNESCO-skólar framkvæma eigin verkefni sem tengjast markmiðum UNESCO og eru oft í samvinnu við UNESCO-skóla í öðrum löndum. UNESCO-skólar eru nú um það bil 10.000 og starfa í 181 landi. Á Íslandi hefur Félag Sameinuðu þjóðanna séð um innleiðingu UNESCO-skóla síðan 2014 í samstarfi við UNESCO-nefndina á Íslandi.

4.4 Samstarf leikskólastjóra

Samstarf leikskólastjóra fellst í reglulegum fundum. Samvinnan fellst einnig í samtali á milli manna þar sem hægt er að leita í reynslubanka hver hjá öðrum.

4.5 Samstarf sérkennslustjóra

Sérkennslustjórar funda mánaðarlega, oftast þegar þróunarvinna skólana um læsi þar sem hæðst.

4.4 Almennar upplýsingar

Leikskólinn Akrasel

Ketilsflöt 2

300 Akranes

Sími: 433 1260 433 1261

Skólastjóri: Anney Ágústsdóttir

Netfang: anney.agustsdottir@akrasel.is akrasel@akrasel.is

<https://www.facebook.com/profile.php?id=100008226213574&fref=ts>

Aðstoðarskólastjóri / sérkennslustjóri: Guðrún Bragadóttir Sími: 433 1262

Netfang: gudrun.bragadottir@akrasel.is

Heimasíða: <http://www.akrasel.is>

Símanúmer deilda: Lækur 433 1266 / Tjörn 433 1267 / Mýri 433 1268

Berg 433 1271 / Gljúfur 433 1272 / Klettur 433 1273

Eldhús: 433 1263

Opnunartími

Leikskólinn er opinn frá kl. 7.30 -16.30.00 alla virka daga á meðan Covid ástand varir. Tekið er á móti börnunum í forstofu en foreldrum er ekki boðið inn í leikskólann í lok dags er skilað á sama hátt. Börnunum er fylgt að útihurð, foreldrum er boðið uppá að hringja á undan sér þannig að þeir þurfi ekki að bíða lengi utandyra. Þegar veður leyfir er skilað úti.

Við upphaf leikskóladvalar er gerður skriflegur samningur við foreldra um vistunartíma barnanna. Við biðjum foreldra að virða þennan samning, því fjöldi starfsmanna fer eftir viðveru barnanna á hverjum tíma. **Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um.**

Sjá nánar á heimasíðu Akraneskaupstaðar – verklagsreglur fyrir leikskóla.

Skólahúsnæði og aðstaða í leikskólanum

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Við ákvörðun fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps. Leikskólinn Akrasel tók til starfa 8. 8. 2008 og átti því 10 ára starfsafmæli 2018. Leikskólinn er 6 deilda og rúmar 150 börn samtímis. Veturinn 2019-2020 er 151 barn í leikskólanum.

Heiti deildanna eru tekin úr náttúrunni með vísun í nafnið okkar Akrasel. Nafnið er þjálft, gamalt og gott. Í Víðigerði stóð leikskóli sem bar þetta nafn en honum var lokað þegar Teigasel tók til starfa árið 1998. Nafnið er vel við hæfi þar sem það vísar í Akrafjallið okkar og akurinn. Segja má að við séum með óþlægðan akur, þar sem börnin dvelja hjá okkur á sínum fyrstu mótunarárum.

Húsnæði leikskólans er til fyrirmyndar hvað aðbúnað og pláss varðar, hver deild er 70 fermetrar að stærð, rými hvernar deildar eru tvö. Salurinn er sameiginlegt rými sem deildarnar skiptast á að nýta.

Sérkennsluaðstaða leikskólans er góð. Í sitthvorum enda hússins eru herbergi sem nýtast í einstaklings- og hópavinnu.

Áhersluatriði skólans

Markmið Akrasels eru að barnið:

- **tileinki sér þá hæfni að takast á við sjálfan sig og lífið í samskiptum við aðra**
- **læri að takast á við kröfur og áskoranir daglegs lífs**
- **beri virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu**
- **öðlist hæfni í að tjá sig og afla sér þekkingar**

Leikurinn sem náms og þroskaleið

Við leggjum áherslu á leikinn í allri sinni mynd og setjum hann í öndvegi, í leiknum felst námið. Hann er kennsluaðferð kennarans um leið og hann er námsleið barnsins. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins tekur oftast á sig form leiksins og í gegnum leikinn vinna börn úr margvíslegri reynslu sinni, máta sig í ýmis hlutverk og mynda félagsleg tengsl. Í frjálsum leik eru mikilvægir uppeldiskostir sem geta eftt alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, félags-, vitsmuna-, siðgæðis og fagurþroska. Leikurinn er líf barnsins og starf. Segja má að í bernsku sé það að leika sér sama og að læra og afla sér þekkingar. Fjölpætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja færni.

Í vetur verður aukin áhersla á flæði eða FLOW þar sem leitast er við að skapa börnum tækifæri til að gleyma sér í leik. Þessi aðferð krefst þess af kennurum að þeir leitist við að bjóða uppá efnivið og leikaðstæður sem veita börnum hugmyndaflug til sköpunar í leik. Eini afraksturinn sem við viljum sjá er gleði, sjálfsprottin leikþörf og ánægja barnsins.

Heiða Björk Guðjónsdóttir deildastjóri á Kletti mun halda fyrirlestur á sal um Flæði og gleðina sem felst í flæðisástandi barna. Hvað geta kennarar gert og hvernig þeir eru áhrifavaldar í leikumhverfi barna.

Stefnur leikskólans – Umhverfismennt og Jóga

Umhverfismennt

Markmið leikskólans eru að börn og starfsfólk fái notið náttúrunnar og upplifi af eigin raun og læra að njóta hennar sér til gleði og aukins þroska.

Umhverfismenntun samtvinnast við endurvinnslu og umhyggju fyrir umhverfi okkar sem felst m.a. í flokkun og endurnýtingu.

Markmið leikskólans Akrasels með umhverfismennt er :

- Að njóta náttúrunnar í leik og námi
- Að ganga um náttúru okkar af virðingu

- Að flokka úrgang og pappír (endurnýta)
- Að endurnýta ýmsan efnivið í leik og skapandi starfi
- Að nota umhverfisvænar hreinlætisvörur
- Að safna lífrænum úrgangi (molta)
- Að rækta grænmeti og plöntur í garðinum
- Að spara raforku, vatn og sápu eins og kostur er

Umsjón umhverfismenntar er alfarið í höndum starfsfólks leikskólans en við höfum greiðan aðgang að starfsfólki Landverndar. Í leikskólanum er öflug umhverfisnefnd, Sigurrós (Rós) er formaður nefndarinnar og virkur upplýsingafulltrúi hennar. Allir starfsmenn bera ábyrgð á umhverfismenntinni. Þann 8.ágúst 2011 fengum við Grænfánann afhentan í fyrsta sinn. Á 5 ára afmæli leikskólans 8.8. 2013 tókum við við grænfánanum í annað sinn. Í tilefni af 7 ára afmæli leikskólans þann 8.8.2015 fengum við grænfánann afhentan í þriðja sinn. Fjórða umsókn og skýrsla var send á vormánuðum 2017. Fjórði fáninn og skjöldur settur á húsið 15. Desember 2018. Fimmti fáninn kemur væntanlega í desember 2019.

Einnig erum við virkir þátttakendur í Bláfána verkefni Akraneskaupstaðar. Í samstarfi við Sindra Birgisson garðyrkjustjóra og Friðbjörgu Eyrúnu Sigvaldadóttur verkefnastjóra á skóla-og frístundasviði.

Jóga

Með ástundun jóga þjálfum við okkur í að tengja saman hug og líkama og vinna að því að skapa meira jafnvægi og ábyrgð í lífi okkar. Jóga er kerfi sem sameinar margar æfingar eða stöður sem hjálpa líkama og hug að vinna saman að því að byggja upp styrk, sveigjanleika, jafnvægi og einbeitingu.

Starfsfólk leikskólans hefur sótt námskeið á vegum leikskólans auk þess sem margir hafa sótt jóganámskeið hjá Guðjóni Bergmann.

Við skólann starfar jógakennararnir Mjöll Barkar Barkardóttir leikskólakennari og Hlín Hilmarsdóttir íþróttافرæðingur. Undir þeirra leiðsögn ætlum við að halda áfram að þróa jógastarfið í leikskólanum. Jóga er alhliða lífsspeki sem stuðlar að samtengingu líkama og hugar. Jógaástundun með börnum miðar að því að þau viðhaldi meðfæddum liðleika, byggji upp styrk og auki sveigjanleika, jafnvægi og einbeitingu, auk þess að stuðla að spennulosun og innri ró. Þegar börn fara í jógastöður þurfa þau að staldra við, beita líkama

sinn aga og um leið að stjórna hugsun sinni og einbeitingu.

Þegar unnið er með jóga í leikskólastarfi er eins og endranær lögð áhersla á að börnin hafi af því gleði og eru æfingar fléttaðar inn í leiki og sögur eða þeim búin umgjörð sem börnunum þykir áhugaverð og skírskota til áhuga þeirra.

Vinavika er lítið þróunar samstarf deilda á milli sem er að festa sig í sessi í leikskólanum en þá á hver deild á Lindum vinadeild á Hömrum. Vinavikan er fyrirhuguð í nóvember.

Upplýsingar um aðlögun og flutning milli deilda

Við bjóðum uppá aðlögun þegar losna pláss í leikskólanum og því má segja að við séum nánast alltaf að aðlaga, því börn fara og koma í bæinn. Við höfum boðið uppá aðlögun í júní ef það er pláss í skólanum, annars hefst aðlögun eftir sumarlokun. Frá árinu 2011 höfum við boðið uppá svokallaða þátttökuaðlögun. Í þeirri aðlögun eru allt að 15 börn aðlöguð í einu á sömu deildina. Einungis er gert ráð fyrir þremur dögum í aðlögunina.

Þátttökuaðlögun byggir m.a. á þeirri trú að foreldrar yfirfæri eigin öryggiskennd og forvitni í þessum nýju aðstæðum yfir á börnin sín og taka því þátt í daglegu starfi með barni sínu á meðan á aðlögun stendur. Með því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi kynnast þeir dagsskipulagi deildarinnar og því námi sem þar fer fram. Þeir kynnast kennurum, öðrum börnum og foreldrum. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli aðlögunar er

Öruggir foreldrar = örugg börn.

Í kjölfar af covid vinnu innan leikskólans varð breyting á aðlögun sem við teljum að hafa verið til góða og sé komin til með að vera til frambúðar.

Á fyrsta degi, komu foreldrar í heimsókn komu inn en fóru svo í útiveru með barninu sínu.

Á degi tvö, komu foreldrar voru inni í smá stund klæddu börnin sín út og kvöddu börnin sín í útiveru við tókum við og buðum uppá hádegisverð.

Á þriðja degi, foreldrar eru með inni fyrst um morguninn klæða börnin út og kveðja þau, við tókum við bjóðum hádegisverð og förum í hvíld.

Á degi fjögur kveðja foreldrar börnin inni á deild og við tókum við. Með öðrum orðum þá taka foreldrar ekki lengur þátt í hádegisverði og hvíld barnanna.

Það verður að viðurkennast að þessi háttur er mun auðveldari fyrir starfsmenn og börn.

Þegar börn eru að byrja í leikskólanum utan hefðbundins aðlögunartíma þá nýtum við annað form aðlögunar þar sem barn dvelur stuttan tíma fyrsta daginn og viðveran lengist svo smátt og smátt. Þarfir barnsins eru alltaf hafðar að leiðarljósi við skipulagningu aðlögunar.

Í upphafi skólagöngu nýs árgangs er kynningafundur að vori þar sem starfsemi, stefnur og starfshættir leikskólans ásamt húsakynnum er kynnt fyrir foreldrum. Einnig er tekið við óskum foreldra um tímasetningu á aðlöguninni.

Foreldrar fá senda foreldrahandbók í tölvupósti með upplýsingum um leikskólann.

5. Starfsmannamál

5.1 Starfsmannahópurinn 1. maí

STARFSHEITI	FJÖLDI	STARFSHLUTFALL	MENNTUN
Leikskólakennarar	19	14.8	
Annað háskólapróf	8	6	
Starfsmenn í námi	8		
Leiðbeinendur	12	8,9	
Matráður	1	0,75	
Aðstoðarfólk í eldhúsi	2	1,75	

5.2 Starfsþróunarsamtöl

5.3 Símenntun frá síðasta ári

- Erindi frá Sigu Gísla iðjupjálfa,
- Persónuverndarfulltrúi Berglind Jóhannsdóttir var með erindi.
- Deildastjórum er boðið á námskeið með Öldu Sigríðardóttur.
- Sameiginlegur fyrirlestur í Tónbergi í nóvember ásamt ½ dagur til mannauðsmála.
- Guðbrandur Árni Ísberg verður með fyrirlestur um áfallastreitu og streitu hjá börnum.
- Landverndarfundur á Lýsuhól 4 starfsmenn.
- Pálmi Ragnarsson var með starfsfólki leikskólanna.
- Skyndihjálp fyrir alla starfsmenn Akrasels.
- Leikskólinn hefur eftir fremsta megni reynt að koma til móts við starfsfólk sem vill sækja endurmenntun. Öll menntun er góð bæði fyrir viðkomandi starfsmann og umhverfi hans, þ.m.t. leikskólann. Einnig hafa starfsmenn sótt námskeið og stundað nám með vinnu.

5.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Endur- og símenntun er samofin þörfum starfseinnar og tekur mið af þeim áherslum sem unnið er með hverju sinni.

- Námskeið Barnaheilla.
- Útikennsla Jörgen Nilsen frá UMFÍ

- Persónuverndarfulltrúi - kynnr persónuvernd og skjalavörslu.
- Sameiginlegt erindi með öllum leikskólanum – efni kynnt síðar.
- Kynning Unesco skólar
- Kynning á grænfána verkefni og umhverfismennt.
- Nýtt upphaf WOW feb. 2021
- Fyrirhugðuð starfsmannaferð norður í land vor 2021
- Skyndihjálp upprifjun
- Fyrirlestur frá Barnavernd eða Blátt áfram v. Misnotkunar.

6. Fylgiskjöl

Matsgögn og niðurstöður



Starfsmannasamtal
2018-2019.pdf



Hraðstefnumót 9.
2019.pdf



Samantekt 18.
nóv. 2019.pdf



Starfsmannasamtöl
des.2019-feb. 2020.†



Heilsueflandi
Leikskóli lokadrög ai



Árbók 2014
árgangur.pdf



Árbók 2015
árgangur.pdf



Árbók Tjarnar
2019-2020.pdf



Árgangabók
2017.pdf



Árgangabók
2018.pdf

Annað:

Umhverfismennt.



Umhverfissáttmáli.p
df

Handbækur og námsskrá



Handbók um
útiveru.pdf



Handbók
Ævintýraferð 2020 - .



Jóga handbók
2020.pdf



Lubbahandbók 2
ára.pdf



Umhverfismennt
Handbók.pdf



Skólanámsskrá
2020.pdf

Akranes,

Leikskólastjóri

